

Tartuffe í sögu og samtíð

Næm sýn franska leikskáldsins Molières (1622–1673)¹ á mannskepnuna, hvatir hennar og gjörðir, hefur orðið til þess að verk hans hafa orðið sérlega langlíf og – ólíkt leikritum samtímamanna hans, Pierres Corneille og Jeans Racine, sem hafa þótt næsta óþýðanleg² – verið þýdd og leikin víðsvegar um heim. Til Íslands bárust gamanleikir Molières frá Danmörku og voru fyrst settir á svið á dönsku. Á fyrstu árum Herranætur tíðkaðist sá siður að leika gamanleiki Molières annað hvert ár og hitt árið gamanleiki eftir norsk/danska leikskáldið Ludvig Holberg (1684–1754), sem reyndar sótti mikið í leikhefð Molières.³ Alla 20. öldina nutu gamanleikir Molières nokkurrar hylli í íslenskum leikhúsum, ekki síst – en ekki einvörðungu – farsarnir.⁴

Eitt vinsælasta verk franskra leikbókmennta, gamanleikurinn *Tartuffe* eftir Molière, fer nú eins og eldur í sinu um leikhús Evrópu.

1 Jean-Baptiste Poquelin, sem tók sér listamanns nafnið Molière, fæddist í fjölskyldu efnaðra kaupmanna sem hafði verslað með vefnaðarvöru um kynslóðir. Eftir að hafa stjórnað farandleikhópi sem ferðaðist og lék um gjörvallt Frakkland um árabíl, skrifaði hann gamanleiki sem urðu mjög vinsælir við hirð Loðvíks XIV. Frakklandskonungs og í leikhúsum Parísar sem þá var miðstöð menningarlífs í Evrópu.

Höfundur þakkar ritstjórum, ritrýnum og Trausta Ólafssyni fyrir góðar ábendingar við ritun greinarinnar.

2 Sjá meðal annars í George Steiner, *Dauði barnleiksins*, þýð. Trausti Ólafsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2016, bls. 166. Í franskri bókmenntasögu teljast leikverk þrjú kinsins Corneilles, Racines og Molières, sem og önnur bókmenntaverk rituð á síðari hluta 17. aldar, til franskra klassíkur.

3 Um áhrif Molières á Holberg má meðal annars lesa í Anne-Marie Lebourg-Oule, „Molière/Holberg“, *Littératures, Mélanges offerts à Monsieur le Professeur André Moncboux* 1/1979, bls. 155–163.

4 Ímyndunarveikin (fr. *Le Malade imaginaire*) hefur verið sýnd í níu uppfærslum á Íslandi, *Hrekkjabrógð Scapins* (fr. *Les Fourberies de Scapin*) hafa verið sett upp þrisvar og einu sinni á dönsku, *Aurasálin* (fr. *L'Avare*) þrisvar, *George Dandin* tvisvar, *Don Juan* tvisvar ... Sjá nánar í grunni Leikminjasafns Íslands: <http://leikminjasafn.is/grunnur/#/listamadur/2679>

Að minnsta kosti sex *Tartuffe*-leiksýningar hafa verið settar á svið í nágrannalöndum okkar á árinu 2018 þegar þessi grein er skrifuð. Vissulega er um að ræða ástsælt leikrit og það verk sem höfuðvígi franskrar leiklistar, Comédie française í París, hefur oftast sett á fjalirnar.⁵ Sagan um loddarann, sem blekkir heimilisföðurinn með guðsótta og hræsni og sundrar fjölskyldu hans í ágrind sinni, er enda afar áleitin og hefur átt sterkar vísanir í þjóðfélagsleg mein allt frá tímum Molières.

„Hlutverk leikhúss er að siða menn með því að skemmta þeim,“ skrifaði Molière í fyrsta bænarbréfi af þremur sem hann sendi konungi í kjölfar banns sem lagt var á gamanleikinn og kvað það vera skyldu sína sem leikskálds að afhjúpa hræsni sem væri algengasti, mest íþyngjandi og hættulegasti löstur síns tíma.⁶ Þekkt er að Molière var í nöp við þá sem sigldu undir fölsku flaggi og einkum þá sem misnotuðu trú og þekkingu sem valdatæki. *Tartuffe* hefur sterka siðferðislega skírskotun og er eitt af leikritum Molières sem flokkast undir gamanleiki með siðferðislegum boðskap (fr. *comédies de caractère*). Hræsni var einnig viðfangsefni Molières í öðrum leikritum, svo sem í *Mannbataranum* og *Don Juan* sem samin voru á svipuðum tíma og *Tartuffe*.⁷ Bókmenntafræðingurinn Patrick Dandrey hefur sett þessi leikrit og sérstaklega *Tartuffe* í samhengi við hugmyndir um frelsi og umburðarlyndi í trúmálum sem komu fram í stjórn málaheimspekiritum víðsvegar í Evrópu, ekki síst á Bretlandi, á 17. og 18. öld.⁸ Ólík iðkun trúarbragða var mjög til

5 Samkvæmt gagnagrunni Comédie française hefur *Tartuffe* verið sett upp í leikhúsinu að minnsta kosti 29 sinnum frá stofnun þess árið 1680 til dagsins í dag, eða næstum því einu sinni á áratug. Sjá <http://lagrange.comedie-francaise.fr/>. Samanlagður sýningafjöldi á *Tartuffe* í Comédie française frá upphafi var 3115 sýningar í júlí 2014, skv. kynningu leikhússins á uppfærslu Galins Stoev, <https://www.comedie-francaise.fr/www/comedie/media/document/presse-tartuffe1415.pdf>

6 Molière, „Premier placet présenté au roi, sur la comédie du Tartuffe“, í Molière, *Œuvres complètes* II, ritstj. Georges Forestier, París: Gallimard, Bibliothèque de la Pléiade, 2010, bls. 191. Molière byggir hér á skáldskaparfræðum rómverska skáldsins Hórasar (65–8 f. Krist) sem kveða á um að ljóðlist og leikhús eigi að veita ánægju og uppfærðslu. Þetta lögmál hafði djúp áhrif á franskt leikhús frá endurreisn til upplýsingar.

7 Þessi þrjú leikrit voru gefin saman út á bók í íslenskum þýðingum Karls Guðmundssonar (*Mannbatarinn* og *Tartuffe*) og Jökuls Jakobssonar (*Don Juan*) í ritinu Molière, *Þrjú leikrit. Tartuff, Don Juan, Mannbatarinn*, Reykjavík: Frú Emilía, 1992. *Mannbatarinn* tekur til umfjöllunar félagslega vanhæfni manns sem krefst ýrtruðu sannsögli af samferðafólki sínu og hafnar málamiðlunum í samskiptum. *Don Juan* varpar ljósi á ósamræmi milli yfirlýstra gilda aðalsins og framkomu manna af þeirri stétt.

8 Patrick Dandrey, „Orgon l’enthousiaste. Une critique du fanatisme ?“, *Dix-septième siècle* 2/2017, bls. 323–332.

umræðu á tímum Molières þar sem hin stranga sannkristni, sem var andsvar kaþólsku kirkjunnar við kenningum mótmælenda, virtist ósamræmanleg þeim gildum velsæmis stimamýktar og yfirborðsmennsku sem þá réðu ríkjum í samkvæmis- og menningarlífínu. Molière hafði áður tekið til umfjöllunar samfélagsleg hitamál sem brunnu á samferðamönnum hans, þ.e. spurninguna um menntun kvenna og félagslega stöðu þeirra með tilliti til hjónabandsins, og þau leikrit nutu mikillar hylli.⁹ Því ákvað hann að taka gamalt minni og fléttu úr ítölsku *commedia dell'arte*-hefðinni til að sýna í skoplegu ljósi trúarlega leiðbeinendur kirkjunnar sem svo áberandi voru í þjóðlífínu um þær mundir.¹⁰

En hvað er það í þessu meira en 350 ára gamla leikriti sem höfðar svo mjög til samtíma okkar? Í þessari grein verður leikritið kynnt í sögulegu samhengi og leitast við að gera grein fyrir hinu flókna samspili trúar, valds og samfélags á tímum Molières. Síðan verður þess freistað að rekja þessa sömu þræði í nokkrum af hinum fjölmörgu uppfærslum á *Tartuffe* sem settar hafa verið á svið í Evrópu á undanförunum árum, eins og þeir birtast í viðtölum við leikstjóra og í umfjöllunum leiklistargagnrýnenda um sýningarnar. Að lokum verður vikið að sýningasögu leikritsins hérlendis og viðtökum þess.

1. *Tartuffe* 1669

Gamanleikurinn *Tartuffe* er í fimm þáttum og bundnu máli eins og flest leikverk sem skrifuð voru í Frakklandi á 17. öld, að försunum undanskildum. Í fyrsta þætti er fjölskylda auðmannsins Orgons kynnt til sögunnar. Heimilismenn eru í uppnámi yfir þeim breytingum sem *Tartuffe*, nýr trúarlegur leiðbeinandi (fr. *directeur de conscience*) Orgons, hefur komið á í fjölskyldunni. Orgon og móðir hans, frú Pernelle, hafa tekið upp strangkristileg viðhorf og meinlætalið að fyrirmynd *Tartuffes* og ætlast til hins sama af öðrum. Aðrir í fjölskyldunni – Elmíra, síðari kona Orgons, Cléante, bróðir hennar, Maríanna og Damis, börn Orgons af fyrra hjónabandi, og þernan Dorine – vantreysta þessum nýja heimilisvini og væna hann

9 Um er að ræða *École des maris* (1661) og *École des femmes* (1662) en þau verk hafa ekki verið sett upp á Íslandi samkvæmt gagnagrunni Leikminjasafns Íslands.

10 Georges Forestier, *Molière*, París: Gallimard, NRF Biographies, 2018, bls. 257–258.

um tvöfeldni, enda gæti misræmis hjá honum milli orðs og æðis. Gjá myndast í fjölskyldunni milli þeirra sem vilja halda uppteknum hætti og lifa borgaralegu líferni og hinna sem vilja taka upp strang-kristilega siði eins og Tartuffe mælir fyrir um. Blinda Orgons kemur ljóslega fram í frægu atriði þar sem hann innir þernuna fréttu af Tartuffe og andvarpar hrærður: „Aumingja karlinn“, þegar hún segir hann taka vel til matar síns en sýnir fréttum af bágu heilsufari eigin-konu sinnar engan áhuga.

Í öðrum þætti kemur fram að Orgon hefur hug á að gefa Tartuffe hönd dóttur sinnar. Misklíð kemur upp á milli elskendanna Maríönnu og Valère en Dorine sættir þau.

Tartuffe birtist ekki fyrr en í þriðja þætti og er ekki fyrr stiginn á svið en hann biður þernuna að hylja barm sinn þar sem bert holdið gæti valdið syndsamlegum hugsunum. Í einu lykilatriði verksins játar Tartuffe ást sína á húsmóðurinni Elmíru. Stjúpsonur Elmíru, Damis, verður vitni að þessu og gerir föður sínum viðvart. Tartuffe játar sök en Orgon bregst við með því að reka son sinn að heiman og afræður að gera hann arflausan og ánafna Tartuffe allar eigur sínar. Í ofanálag gefur hann Tartuffe fullt leyfi til að umgangast eigin konu sína auk þess sem hann hefur þegar lofað honum hönd dóttur sinnar. Það sem fyrir honum vakir er að kveða alla öfund í kútinn.

Í fjórða þætti tekur Elmíra til sinna ráða og fær eiginmann sinn til að fela sig undir borði þannig að hann sjái með eigin augum ósæmilega háttsemi Tartuffes í hennar garð. Þá opnast loks augu Orgons og hann rekur Tartuffe af heimili sínu en þá er það of seint: Tartuffe er eigandi hússins og hefur auk þess undir höndum skjöl sem geta reynst fjölskyldu Orgons þung í skauti.

Í fimmta þætti sendir Tartuffe sýslufulltrúa til að tilkynna Orgon að hann hafi einn dag til að flytja með fjölskyldu sína úr húsinu. Valère, unnusti Maríönnu, færir þær fréttir að Tartuffe hafi fengið yfirvöldum í hendur skjölin sem sanna að vinur Orgons hafi gerst brotlegur við konungsvaldið. Þetta gæti orðið Orgon dýrkeypt og því býðst Valère til að hjálpa honum að flýja og leita skjóls. Þá birtist Tartuffe með útsendara konungs en í stað þess að handtaka Orgon fyrir að hafa hylmt yfir samsæri gegn krúnunni, tekur hann Tartuffe til fanga fyrir svik, ógildir afsalið og náðar Orgon fyrir til-stilli konungs. Maríanna er lofuð Valère og allt fellur í ljúfa löð.

Þessi gerð leikritsins í fimm þáttum er sú þriðja og sú eina sem varðveist hefur frá hendi Molières. Verkið sem frumsýnt var í Versölum í maí 1664 var hins vegar styttra og kom svo við kaunin á klerkastéttinni að áhrifamenn innan kirkjunnar linntu ekki látum fyrir en það var bannað.

2. *Tartuffe* 1664 og 1667

Fyrsta útgáfa leikritsins um *Tartuffe* (1664) bar heitið *Tartuffe* eða *bræsnarinn* (fr. *Tartuffe ou l'Hypocrite*) og var skrifað í þremur þáttum. Lengi var talið að þessir þættir væru þrír fyrstu þættirnir í endanlegri gerð gamanleiksins (1669) sem er sú sem við þekkjum í dag, enda er það þannig sem La Grange, stórleikari og ritari leikhópsins, greinir frá í skýrslum sínum.¹¹ Í slíkri gerð hefði *Tartuffe* staðið uppi sem ótvíráður sigurvegari og augu Orgons hefðu ekki opnast fyrir tvískinnungi hans. Nýrri rannsóknir hafa sýnt fram á að þættirnir þrír hafa að öllum líkindum verið fyrri gerðir af fyrsta, þriðja og fjórða þætti. Samkvæmt þeirri kenningu hefur upphaflega leikritinu (1664) lokið með því að *Tartuffe* hefur verið afhjúpaður en þá verið orðinn lögmætur eigandi hússins og í stöðu til að steypa Orgon í glötun.¹²

Þessi sama tilgáta gerir ráð fyrir því að Molière hafi bætt söguþræðinum um ástir heimasættunnar Maríönnu og unnusta hennar, Valère, inn í verkið á síðari stigum. Atriðið á milli elskendanna er einmitt meginuppistaðan í öðrum þætti. Rökin sem styðja þessa tilgátu eru að sögn bókmenntafræðinganna Georges Forestier og Claudes Bourqui einkum þau að ólíklegt sé að *Tartuffe* hafi haft hug á hjónabandi, því óklerklærðir sálusorgarar eins og hann voru alla jafna skírlífir og gáfu það til kynna með klerklegum búningi.¹³ Með þessum sláandi andstæðum milli útlits og framgöngu hefur háðið á klerkastéttina orðið enn beittara þar sem loddarinn vekur máls á flegnum barmi þjónustustúlkunnar sem hann segir vekja upp hold-

11 Georges Couton, „Notice“, í Molière, *Œuvres complètes* I, ritstj. Georges Couton, París, Gallimard, Bibliothèque de la Pléiade, 1971, 833–888, hér bls. 834.

12 John Cairncross, *New Lights on Molière*, Genf, Droz, 1956, bls. 1–51. Sjá Georges Forestier og Claude Bourqui, „Notice“ í Molière, *Œuvres complètes* II, París, Gallimard, Bibliothèque de la Pléiade, 2010, bls. 1354–1389, hér bls. 1362.

13 Georges Forestier og Claude Bourqui, „Notice“, bls. 1364.

legar fýsnir¹⁴ og áreitir húsmóðurina í öðru atriði þar sem hún færir stól sinn frá honum og hann eltir hana á sínum stól, samkvæmt fyrirætlunum Molières í leiktexta. Fyrsta leikgerðin hefur því að öllum líkindum verið beittari ádeila á skinhelgi klerkastéttarinnar og ekki eins pólitísk og lokagerð leikritsins þar sem stór hluti af fimmta þætti er lofræða um stjórnvisku konungs.¹⁵ Atriði Maríönnu og Valère í öðrum þætti eru kómísk en öllu ljúfari en önnur atriði leikverksins. Það bendir einnig til að þess að elskendunum hafi verið bætt við til að milda ádeiluna í gamanleiknum og fá banninu á honum aflétt. Enn fremur eru í verkinu vísbendingar um að Tartuffe hafi lagt stein í götu Damisar, sonar Orgons, til að koma í veg fyrir brúðkaup hans. Þannig má leiða líkur að því að reiði Damisar hafi hrint atburðarásinni af stað og að hlutverk hans hafi verið stærra í fyrri gerð leikritsins.¹⁶

Hirðin hló hjartanlega að leiknum en þessi beiska kómedía var ekki til þess fallin að geðjast klerkunum, því loddarinn andstyggilegi viðhafði orðræðu sem þeim var töm. Þannig segist Tartuffe vilja verja fénu sem Orgon ánafnaði honum „til dýrðar Himni og meðbræðrum til mikils gagns“¹⁷ en það var bein vísun í einkennisorð trúarreglu Hins heilaga sakramentis (fr. *La Compagnie du Saint-Sacrement*), leynifélags skipuðu aðalsmönnum og þingmönnum úr borgarastétt sem beittu áhrifum sínum á konungsvaldið í þágu kaþólsku kirkjunnar.¹⁸ Þessi einkennisorð voru mjög vel þekkt og því gat engum dulist að Tartuffe væri hárbeytt ádeila á siðferðispostula reglunnar. Skopstælingin var þeim mun beittari sem Tartuffe er lýst sem rjóðum í kinnum, feitum og sællegum matháki.¹⁹ Enn fremur áreitir hann kynferðislega flestar konur sem hann umgengst, en það er í beinni mótsögn við þær andlegu dyggðir og meinlætalið sem hann talar fyrir. Háðið sveið því meir sem fordæming hræsninnar

14 Í mjög frægu tilsvári („Couvrez ce Sein, que je ne saurais voir“, III, 2, 860) sem í þýðingu Karls Guðmundssonar útleggst sem: „Byrgið þennan barm, / hann særir mína sjón.“ Í Molière, *Þrjú leikrit*, bls. 34.

15 Georges Forestier og Claude Bourqui, „Notice“, bls. 1365.

16 Georges Forestier og Claude Bourqui, „Notice“, bls. 1364.

17 V, 1, 1248. Þýðing Karls Guðmundssonar. Á frönsku hljóma einkennisorðin svo: „Pour la gloire du Ciel et le bien du prochain.“

18 Georges Couton, „Notice“, bls. 862 og 868.

19 *Tartuffe*, I, 4, 233–234, sbr. þýðingu Karls Guðmundssonar: „Tartuff? Hann / er stólpa-stálsleginn // og stór og feitur, – rjóður vangi og munnurinn.“ Í Molière, *Þrjú leikrit*, bls. 13.

á sér djúpstæðar hugmyndafræðilegar rætur í kristni. Lygi í öllum myndum var fordæmd af Ágústínusi kirkjuföður þegar á 5. öld, að undanskildum sviðslistum sem Ágústínus aðgreindi sérstaklega frá lygi. Þá hafði hræsni verið skilgreind á 13. öld af Tómasi af Akvínó sem lygi í framkvæmd: hræsnarinn leikur hlutverk siðsams manns, en er ekki siðsamur sjálfur. Kenningar og verk þessara höfunda voru vel þekkt á 17. öld.²⁰

Kirkjan kom því til leiðar að leikritið var bannað og því endurskrifaði Molière verkið og setti upp árið 1667 undir titlinum *Panulphe* eða loddarinn (fr. *Panulphe ou l'Imposteur*) þar sem aðalpersónan var ekki lengur kirkjunnar maður. Engum duldist þó að um var að ræða sama verk og áður en langt um leið var þetta verk einnig bannað. Viðurlög við öllum flutningi og lestri á verkinu var bannfæring kirkjunnar og eilíf útskúfun. Í kjölfarið sendi Molière annað bænabréf sitt af þremur sem hann skrifaði til konungs, til varnar *Tartuffe*. Í bréfinu kemst leikskáldið svo að orði:

Gamanleikur minn, HERRA, hefur ekki fengið að njóta náðar YÐAR HÁTIGNAR. Til einskis hef ég sett hann upp undir heitinu *Loddarinn* og dulbúið leikpersónuna með því að útbúa hann sem veraldlegan mann. Þrátt fyrir að ég hafi sett á hann lítinn hatt, mikið hár, stóran kraga, sverð og blúndur á öllum búningnum; þrátt fyrir að ég hafi mildað mörg atriði og skorið vandlega frá allt sem ég mat sem svo að gæti gefið hinum frægu frummyndum að eftirmyndinni sem ég vildi setja á svið hina minnstu átyllu: allt var það til einskis.²¹

Í ljósi þess að Molière gerir grein fyrir því hvernig hann „dulbjó“ leikpersónuna má ímynda sér hvernig leikarinn hefur birst áhorfendum í upphaflegri gerð leikritsins með því að sjá fyrir sér andstæðu dulbúningsins. *Tartuffe* hefur verið með stóran hatt, stutt hár, lítinn kraga og hvorki borið sverð né verið skreyttur blúndum. Þannig var

20 Jean-Pierre Cavallé, „Hypocrisie et Imposture dans la querelle du Tartuffe (1664–1669): La Lettre sur la comédie de l'Imposteur (1667)“, *Les Dossiers du Grihl*, Groupe de Recherche Interdisciplinaire sur l'Histoire de Littéraire, 1997, <https://journals.openedition.org/dossiersgrihl/292>

21 Molière, „Second Placet présenté au Roi, dans son camp devant la ville de Lille en Flandre, par les nommés de la Thorillière et de La Grange, comédiens de Sa Majesté et compagnons du sieur de Molière“, í Molière, *Œuvres complètes* I, bls. 891–892. Þýðingar eru greinarhöfundar nema annað sé tekið fram.

á leiksviðinu ljóslifandi komin persóna sem engum áhorfenda gat dulist að tilheyrði stétt klerka.²²

3. Trú, vald og samfélag í Frakklandi Loðvíks XIV.

Grimmileg trúarbragðastríð geisðu í Evrópu á 16. öld í kjölfar siðbótarinnar og þeim linnti ekki í Frakklandi fyrr en árið 1598 þegar lútherskir mótmælendur og kalvínistar fengu leyfi til að iðka trú sína. Alla 17. öld átti kaþólska kirkjan í innbyrðis deilum sem hverfðust að miklu leyti um kenningar um mannlegan ásetning og guðlega náð. Upp úr þessum trúardeilum spruttu tvær öflugar hreyfingar, jansenistar, sem voru hreintrúarmenn og aðhylltust kenningar hollenska prestsins Corneliusar Jansen um sálhjálp fyrir tilstilli guðlegrar náðar, og jesúítar, sem lögðu meiri áherslu á frelsi og menntun og þóttu undanlátssamari í trúnni. Kaþólska kirkjan í Frakklandi háði því baráttu um sálir mannanna, bæði gegn mótmælendatrú sem og sértrúarhreyfingum innan eigin raða. Þar sem prestsmentun var fremur lítilfjörleg og prestaskólar fáir, brá kirkjan á það ráð að gefa ungum menntamönnum kost á að stunda fræðistörf og skriftir innan kirkjunnar án þess að þeir tækju vígslu sem prestar, gegn því að gerast trúarlegir leiðbeinendur í samfélaginu.

Loðvík XIV. var 28 ára þegar *Tartuffe* var frumsýndur. Konungurinn var listhneigður ungur maður sem átti sér ástkonur og vildi njóta lífsins. Hirðin tók á þessum tíma að skiptast í tvo hópa, þar sem eldri kynslóðin – með hina valdamiklu móður konungs, Anne d'Autriche, í broddi fylkingar ásamt eldprestinum Bossuet en bæði voru þau nátengd fyrrnefndri trúarreglu Hins heilaga sakramentis – lagði allt kapp á að bæta siðferði þjóðarinnar. Konungurinn sjálfur og yngri hluti hirðarinnar lögðu meiri áherslu á að njóta lista, halda veislur, leggja út í byggingarframkvæmdir – Versalir voru byggðir á tímum Loðvíks XIV. – stríðsrekstur og landvinninga. Þessi andstæðu viðhorf endurspegluðust í þjóðfélaginu. Annars vegar áttu konur af efri stigum þess kost að lifa fjölbreyttu og líflegu menningarlífi í salarkynnum sínum og eiga sér rödd á þann hátt sem þær höfðu sjaldan kynnst fyrir og samskipti milli kynjanna einkenndust

22 Georges Couton, „Notice“, bls. 835.

af fágudum samræðum og skoðanaskiptum. Hins vegar mátti fólk eiga von á að vera undir ströngu siðferðiseftirliti kirkjunnar.

Þannig var mikilvægasta breytingin sem Molière gerði á gamanleiknum og jafnframt sú breyting sem gerði það að verkum að konungur aflétti banninu á honum sú að Tartuffe birtist ekki jafn augljóslega sem kirkjunnar maður í leikritinu heldur fremur sem óháður siðapostuli.²³ Molière beið ekki boðanna og var fljótur að láta prenta leikritið þegar Loðvík XIV. létti af því banninu í skammvinnu andrúmslofti aukins umburðarlyndis í trúmálum í tengslum við náðun Vatíkansins á fjórum biskupum jansenista, því hann gat allt eins átt von á því að það yrði aftur bannað.²⁴ Það var ráð, því nokkrum árum síðar kvæntist konungur Madame de Maintenon sem var heittrúuð og hirðlífið tók að mótast af strangkaþólskum viðhorfum á ný.²⁵

Það skipti því máli hvort Tartuffe var túlkaður sem öfgatrúarmaður eða loddari sem þóttist vera trúaður til að komast yfir eigur Orgons. Hræsnarinn er hluti af langri bókmenntahefð sem teygir sig aftur í *Tíðægri* sem hinn ítalski Boccaccio ritaði á 14. öld og enn lengra aftur í miðaldir, til dæmis í franskar fábiljur eða *fabliaux* frá 13. öld, og sýnir matglaða og ástleitna munka í skoplegu ljósi. Loddarinn er hins vegar svindlari sem er ekki í þjónustu kirkjunnar. En þótt Molière hafi breytt titli verksins, áttu áhorfendur ekki erfitt með að ímynda sér siðferðislega dómhörku og sérplægni í sömu mund þar sem skinhelgi getur tekið á sig hvort heldur sem er myndir ofstækis eða hræsni. Þannig stendur leikritið fyrir sínu sem ádeila á þá sem taka sér bessaleyfi til að siða fólk og ráðskast með einkalíf annarra.²⁶

Viðleitni kirkjunnar á 17. öld til að koma reglu á trúarlíf þjóðfélagsþegna ber vitni um djúpstæðar breytingar á heimsmynd Evrópubúa. Bókmenntafræðingurinn Paul Bénichou telur líklegt að í kjölfar endurreisnar og sem undanfari upplýsingar hafi kenning

23 Georges Couton, „Notice“, bls. 847.

24 Georges Forestier, „Notice“, bls. 1361.

25 Áður hafði konungur verið kvæntur frænku sinni, hinni spænsku Maríu-Teresu af Austurríki (1638–1683), sem einnig var heittrúuð. – Árið 1685 var leyfi mótmælenda til að iðka trú sína í Frakklandi, sem samþykkt hafði verið árið 1598, fellt úr gildi með þeim afleiðingum að þúsundir flúðu land.

26 Paul Bénichou, *Morales du grand siècle*, París, Gallimard Folio Essais, 1948, bls. 279.

um siðferðilega vitund utan trúarinnar – sem átti eftir að ryðja sér til rúms á upplýsingaröld – verið í burðarliðnum í skugga kirkju og einveldis þegar á 17. öld, hugsun sem í gamanleikjum Molières hafi glögglega birst í formi alþýðuspeki og borgaralegra hygginda.²⁷ Þannig má sjá í formála að leikritinu, sem Molière skrifaði árið 1669 til varnar ádeilu í gamanleikjum, að leikskáldið gerði skýran greinarmun á sannri trú og hræsni og kvaðst láta Tartuffe koma fyrst fram í þriðja þætti til að rödd hins „sanna góða manns“ fengi að hljóma í leikhúsinu sem mótvægi við fáfengileika hræsnarans.²⁸

4. Öfgatrú og einangrun í heimi eftirsannleika

Spurningin um trú og stöðu Tartuffes var þegar óljós á tímum Molières og gefur enn í dag tilefni til ólíkra túlkana. Leikstjórar samtímans virðast ekki síður beina sjónum að fjölskyldunni sem kerfi og birtingarmynd þjóðfélags. Spurningarnar sem lögð er áhersla á í sýningunum varða það hvers konar fólk lætur hafa allt af sér og einkum hvað það er sem gerir fólk ginnkeypt fyrir blekkingum. Í því sambandi verður leikstjórum og leiklistargagnrýndum tíðrætt um áróður og eftirsannleika sem skilgreindur hefur verið sem hugtak er „varði eða gefi til kynna kringumstæður þar sem hlutlægar staðreyndir hafa minni áhrif á mótun almenningsálits heldur en ákall til tilfinninga og persónulegra skoðana“.²⁹

Ein áhrifamesta uppsetning síðari tíma á gamanleiknum er, að margra mati, uppfærsla frönsku leikstýrunnar Ariane Mnouchkine sumarið 1995 á Avignon-leiklistarhátíðinni í Frakklandi, sem er stærsta leiklistarhátíð í heimi og árlegur viðburður.³⁰ Með uppsetningu sinni á verkinu skar hún upp herör gegn íslömsku trúarof-

27 Paul Bénichou, *Morales du grand siècle*, bls. 281.

28 Molière, „Préface“ í Molière, *Œuvres complètes* II, bls. 92. Hinn sanni góði maður (fr. [*le véritable Homme de bien*]) í trúarlegum skilningi er Cléante, bróðir Elmíru, sjá I. þátt, 5. atriði.

29 Lee MacIntyre, *Post-Truth*, Cambridge, MA, The MIT Press, Essential Knowledge Series, 2018, bls. 5. Sjá einnig Jayson Harsin, „Post-Truth and Critical communication“, *Oxford Research Encyclopedia of Communication*, 2018, 1–36, DOI: 10.1093/acrefore/9780190228613.013.757.

30 Sjá til dæmis Isabelle Calleja-Roque, „Molière actualisé par l’image dans les manuels de collège et de lycée d’aujourd’hui“, *Recherche & Travaux*, 91/2017, <https://journals.openedition.org/recherchestravaux/934> og umfjöllun um helstu uppfærslur verksins í Frakklandi frá upphafi til aldamóta 2000 í Jean Serroy, „Les mises en scène du *Tartuffe*“, í Molière, *Tartuffe*, ristjst. Jean Serroy, Paris: Gallimard, 2013 [1997], 187–202, einkum bls. 200.

stæki sem þá setti svip sinn á franskt samfélag í skugga borgarastyrjaldarinnar sem háð var í Alsír á árunum 1991–2002.³¹ Leikritið var nú látið gerast í Norður-Afríku. Tónlist, umgjörð og allir búningar voru sóttir í arabíska hefð og Tartuffe orðinn íslamskur öfgamaður. Sýningin varð umtöluð og lifði lengi í hugum fólks sem listrænt andsvar við hryðjuverkum ársins 1995. Í viðtali við franska tímaritið *L'Express* sagði Mnouchkine að ef hún hefði starfað í suðurríkjum Bandaríkjanna, hefði hún sett á svið lútherska sértrúarsöfnuði og ef hún hefði starfað í Póllandi, hefði hún beint sjónum að kaþólsku kirkjunni.³² Veikleiki túlkunar Mnouchkine þótti þó vera sá að Molière skrifaði persónu sína sem hræsnara eða loddara en íslamskir öfgamenn höfðu á tíunda áratugnum alla jafna þá ímynd að þeir væru heils hugar í trú sinni.³³ Annað kom í ljós og því má til sanns vegar færa að uppsetning Mnouchkine hafi haft spádómsgildi á margan hátt.

Á sama tíma var *Tartuffe* settur upp í klassískri uppfærslu svissneska leikstjórans Bennos Besson í Odéon-leikhúsinu í París. Í hans huga var heimilisfaðirinn Orgon áhugaverðasta persóna leikritsins:

Ég hef tekið eftir því að ungt fólk er spennt fyrir Tartuffe, því hann er persónugervingur hinnar fullkomnu sjálfhverfu. Orgon er veikur af þessum manni og vírusinn sem sýkti hann gerði hann veikan af andfélagslyndi. Í öllum sjúkdómum er vírusinn áhugaverður en þó er sjúklingurinn enn áhugaverðari. Gleymum því ekki að Molière lék hlutverk Orgons. Þó hafa allir stórleikarar aldarinnar kosið að leika Tartuffe. Þegar ég sé nýfætt barn, hrífst ég af fullkominni sjálfhverfu

31 Alsír var frönsk nýlenda til ársins 1962 og því eru í Frakklandi margir íbúar af alsírskum uppruna. Öfgahópurinn *Groupe islamique armé* (Íslamska herdeildin) frá Alsír hrinti af stað keðju hryðjuverkaárása í Frakklandi síðari hluta árs 1995. Mesta mannfallið varð í hryðjuverkaárásinni sem framin var í Saint-Michel-neðanjarðarlestarstöðinni í París þann 25. júlí 1995 en þar létust 8 manns og 117 særðust. Sjá Guy Pervillé, „Vingt ans après 1995: les attentats de Paris, Lyon et Lille reconsidérés“, *Le Figaro*, 24. júlí 2015, <http://www.lefigaro.fr/histoire/2015/07/24/26001-20150724ARTFIG00066-vingt-ans-apres-1995-les-attentats-de-paris-lyon-et-lille-reconsideres.php> [sótt 19. september 2018].

32 Véronique Jacob, „À chacun son Tartuffe“, *L'Express*, 12. október 1995, https://www.lexpress.fr/informations/a-chacun-son-tartuffe_610166.html [sótt 19. september 2018].

33 Institut national de l'audiovisuel, FR3 SOIR3, „*Tartuffe* de Molière, mis en scène par Ariane Mnouchkine au Festival d'Avignon“, 9. júlí 1995, <https://fresques.ina.fr/en-scenes/fiche-media/Scenes00280/tartuffe-de-moliere-mis-en-scene-par-ariane-mnouchkine-au-festival-d-avignon.html> [sótt 19. september 2018].

Þess. Orgon endurheimtir þetta ástand fyrir tilstuðlan Tartuffes sem tekur að sér að sinna öllum félagslegum tengslum í hans stað og rænr hann þeim í kjölfarið.³⁴

Það sem Besson kallar andfélagslega hegðun Orgons hafa leikstjórar samtímans túlkað sem félagslega einangrun, andlega kreppu sem samskiptin við Tartuffe virðast ná að sefa. Þessar ólíku nálganir þeirra Mnouchkine og Bessons að leikritinu endurspeglar viðhorf þar sem áherslan er annars vegar á Tartuffe og hann látinn vera töfrandi sjónhverfingamaður, jafnvel djöfullegur; og hins vegar á fjölskylduna og hún sýnd sem kerfi í upplausn þar sem fólkið innan hennar kljáist við einsemd og skilningsskort.

Þessi viðhorf fléttast saman í samtímauppfærslum þar sem leikstjórar mála fjölskyldu Orgons sem trúgjarnt fólk í heimi eftirsannleika, fólk sem er læst í upplýsingasílóum samskiptamiðla, sjálfmenningu og eigin ímyndarsköpun og er þar með berskjaldað fyrir ofstæki.

5. *Tartuffe* 2018

Fyrsti evrópski *Tartuffe* ársins var sýndur í Dramaten í Stokkhólmi með íslenskættuðu leikkonunni Huldu Lind Jóhannsdóttur í hlutverki jarðbundnu þernunnar Dorine en persóna þjónustustúlkunnar í leikritum Molières var gjarna málpípa höfundar og uppáhalds-karakter sem boðar heilbrigða skynsemi og meðalhóf á flestum sviðum. Þernan Toinette í Ímyndunarveikinni er gott dæmi um þetta.³⁵ Þannig verður Dorine fyrst heimilismanna til að sjá í gegnum Tartuffe. Í túlkun sænska leikstjórans Staffans Valdemars Holm, sem setti upp sýninguna í Dramaten, fjallar leikritið fyrst og fremst um heimilisföðurinn Orgon sem gengur í gegnum erfitt tímabil í lífi sínu og hefur fundið í kirkjunni mann sem honum finnst hann geta treyst fullkomlega. Allt fer á hvolf þegar hann ánafnar þessum heimilisláusa karli allar eigur sínar og fína

34 Véronique Jacob, „À chacun son Tartuffe“, *L'Express*, 12. október 1995, https://www.lexpress.fr/informations/a-chacun-son-tartuffe_610166.html [sótt 19. september 2018].

35 Ímyndunarveikin (fr. *Le Malade imaginaire*) er sá gamanleikur Molières sem oftast hefur verið settur upp á Íslandi samkvæmt grunni Leikminjasafns Íslands, <http://leikminjasafn.is/grunnur/#/listamadur/2679>

Östermalm-fjölskyldan í miðborg Stokkhólms sér fram á að standa uppi slypp og snauð. Í viðtali við leikstjórann kemur fram að hann virðist hafa klippt út stóra hluta af fyrsta þætti þar sem fjölskyldu-meðlimir skipa sér í gagnstæðar fylkingar í viðhorfum sínum til Tartuffes og af fimmta þætti þar sem útsendari konungs sker úr um málið, Orgon í vil. Tilgangur leikstjórans með þessu var að fá hraðari framvindu í atburðarásina og að komast nær upphaflegri leikgerð verksins.³⁶ Það hefur skilað sér til áhorfenda: „Stutt, snörp og kræf,“ skrifaði Maria Edström leiklistargagnrýnandi um sýninguna og fagnaði hljómbýðri þýðingu Lars Huldén í bundnu máli. Sú ákvörðun leikstjórans að láta Tartuffe heppnast áform sín kallaði fram í huga hennar tengsl milli texta Molières og kenninga franska hagfræðingsins Thomasar Piketty um misskiptingu auðs – „eiga hinir ríku að deila með sér gæðunum eða þurfa hinir fátæku að krefjast hlutdeildar í þeim?“³⁷

Í uppsetningu Oskarasar Koršunovas á leiklistarhátíðinni í Avignon í júlí 2018 stóð Tartuffe einnig eftir sem sigurvegari; hér kom heldur enginn útsendari konungs Orgon og fjölskyldu hans til bjargar. Loddarinn nýtti sér samfélagsmiðla og þá sjálfhverfu og þann samúðardrífna áróður sem þeir bjóða upp á til að ná tókum á Orgon og fjölskyldu hans.³⁸ „Tartuffe er mein sem er í sífelldri endursköpun,“ sagði Koršunovas í viðtali á leiklistarhátíðinni í Avignon. Í viðtalinu kemur fram að í túlkun hans sé Tartuffe popúlísti og áróðursmaður: „Það er áhugavert að taka eftir því að ríki sem nýta áróður sem stjórnþæki draga að sér loddara eins og flugur.“³⁹ Andar popúlisma og ógnarstjórna fortíðarinnar svifu yfir vötnum í túlkun Koršunovasar og Tartuffe endaði sýninguna á nasistakveðju sem reyndar var skot yfir markið, samkvæmt leik-

36 Sjá viðtal við Staffan Valdemar Holm á heimasíðu Dramaten: <http://www.dramaten.se/Repertoar-arkiv/tartuffe/> Nálgun leikstjórans, sem felst í að sníða af fyrsta og fimmta þætti, er þó hvorki í samræmi við eldri hugmyndir um fyrstu leikgerð verksins (sem voru fyrstu þrjú þættir verksins samkvæmt skráningum samtímamannsins La Grange) né í samræmi við nýlegar kenningar Molière-sérfræðinga sem viðurkenndar eru í dag (sem hljóða svo að fyrsta leikgerð verksins hafi verið fyrri gerðir af fyrsta, þriðja og fjórða þætti þess leikrits sem við þekkjum í dag).

37 Maria Edström, „Totalfýsisk Tartuffe med en nypa Kardashians“, *Expressen*, 14. janúar 2018, <https://www.expressen.se/kultur/totalfysisk-tartuffe-med-en-nypa-kardashians/> [sótt 13. nóvember 2018].

38 Kynningarefni Leiklistarhátíðarinnar í Avignon, <http://www.festival-avignon.com/fr/spectacles/2018/tartiufas> [sótt 19. september 2018].

39 Agnès Santi, „Tartiufas“, *La Terrasse*, 22. júní 2018, nr. 267, <https://www.journal-laterrasse.fr/tartiufas/> [sótt 19. september 2018].

listargagnrýnendum helstu frönsku blaðanna. Þannig sagði einn þeirra tilfærslu leikstjórans hafa misst marks þar sem of mikið gap væri á milli kjarklausa hræsnarans í texta Molières og hins upprennandi harðstjóra á sviðinu.⁴⁰ „Sprenging,“ sagði annar blaðamaður um kraftmikla og litríka sýninguna sem leikin var á litháísku með frönskum skjátexta.⁴¹

Uppsetning Christophs Frick í Staatstheater í Mainz í Þýskalandi, sem ekki var síður litrík og kraftmikil, var þáttur í þema leikhússins í Mainz á leikárinu 2017–2018 sem hverfðist um verðmætamat og sannsögli á tímum falsfrétta og eftirsannleika í anda sjálfs Tartuffes, sem kemst svo að orði í þýðingu Karls Guðmundssonar: „Því miður er margt ófagurt, sem ekki sést.“⁴² Leikhúsinu í Mainz var þannig gefið það hlutverk að velta upp spurningum sem brenna á okkar samtíma varðandi vald og baktjaldamakk, það sem sýnist og það sem er – *Schein und Sein*.⁴³ Uppsetningin var sjónræn og í anda *com-media dell'arte* og brúðuleikhúshefðar þar sem hip-hop tónlist Anatol Atonal var fyrirferðarmikil og fylgdi verkinu líkt og í þögulli kvikmynd. Í þessari uppsetningu var sjónum beint að heimilisföðurnum Orgon sem tapað hafði öllum áhrifum í fjölskyldu sinni. Með komu Tartuffes inn á heimilið sáu fjölskyldumeðlimir hagsmunum sínum ógnað og þar með taldi Orgon sig hafa endurheimt völd sín á heimilinu. Samkvæmt leikstjóranum á tvíræðni verksins hiklaust erindi til samtímans og vísar í undirleggjandi spurningar eins og hverjum sé ofaukið, hver á heima hvar og hvern má draga til ábyrgðar.⁴⁴ Þessi uppsetning var að mörgu leyti í ætt við túlkun þýska leikstjórans Michaels Thalheimer sem sett hafði á svið napra

40 Philippe Chevilley, „Avignon 2018: « Tartuffas », les hypocrites au pouvoir“, *Les Échos*, 20. júlí 2018, <https://weekend.lesechos.fr/culture/spectacles/0301995184116-avignon-2018-tartuffas-les-hypocrites-au-pouvoir-2193011.php> [sótt 19. september 2018].

41 Béatrice Bouniol, „Festival d'Avignon: Oskaras Koršunovas fait triompher un « Tartuffe » survolté“, *La Croix*, 20. júlí 2018, <https://www.la-croix.com/Culture/Theatre/Festival-dAvignon-Oskaras-Korsunovas-fait-triompher-Tartuffe-survolte-2018-07-20-1200956476> [sótt 19. september 2018].

42 III, 6, 1097. Í Molière, *Drjú leikrit*, bls. 40.

43 Johanna Dupré og Denise Frommeyer, „Theater stellt die Herrschaftsfrage“, *Allgemeine Zeitung*, 28. apríl 2017, https://www.allgemeine-zeitung.de/lokales/mainz/nachrichten-mainz/theater-stellt-die-herrschaftsfrage_17850606 [sótt 20. september 2018].

44 Manuel Wenda, „Kampf um den Familienbesitz: Rabiatturbulentes Molière-Stück am Mainzer Staatstheater“, *Allgemeine Zeitung*, 1. mars 2018, https://www.allgemeine-zeitung.de/freizeit/kunst-und-kultur/theater/kampf-um-den-familienbesitz-rabiatturbulentes-moliere-stuck-am-mainzer-staatstheater_18557574 [sótt 20. september 2018].

uppfærslu árið 2013 í Schaubühne-leikhúsinu í Berlín. Í túlkun hans varð leikritið eins og dæmisaga um hættulegt aðdráttarafl trúarofstækis.⁴⁵ Í sýningu Schaubühne var leikarinn Lars Eidinger með biblíuvers tattóveruð á líkamann og bjó yfir miklu kynferðislegu aðdráttarafli. Orgon, sem nú var orðinn samkynhneigður, ánafnaði Tartuffe allar eigur sínar og leikritinu lauk með því að fjölskyldan leystist upp. Í viðtali lagði Thalheimer áherslu á að okkar samfélag eigi í togstreitu milli annars vegar trúarlegrar köllunar og andlegra þarfa og hins vegar borgaralegs gildismats.⁴⁶

Í París hefur *Tartuffe* verið á fjöllum í nokkrum af helstu leikhúsum borgarinnar á síðustu árum. Í september 2018 var uppfærsla þýska leikstjórans Peters Stein frumsýnd í Théâtre de la Porte Saint-Martin með gamanleikurunum Pierre Arditi og Jacques Weber í aðalhlutverkum. Árið áður hafði sama leikhús sett upp leikritið í barokk-uppfærslu Michels Fau sem einnig fór með titilhlutverkið á móti stórleikaranum Michel Bouquet, þá komnum yfir nírætt, í hlutverki Orgons.⁴⁷

Þá var *Tartuffe* í leikstjórn Lucs Bondy leikinn þrjú ár í röð í Odéon-leikhúsinu á vinstri bakka Parísar á árunum 2014–2016 með Micha Lescot í hlutverki Tartuffes og Audrey Fleurot í hlutverki Elmíru.⁴⁸ Þar var fall föðurins aðalatriðið ásamt upplausn fjölskyldu og þjóðfélags og sjónum beint að því hvernig þessar stofnanir þurfa að finna sér ný viðmið í ljósi breyttra aðstæðna.⁴⁹ Þessi uppfærsla hefur haft sín áhrif því Audrey Fleurot var aftur boðið að leika hlutverk Elmíru í tvímála uppfærslu Géralds Garutti og Christophers

45 Alexander Kohlmann, „Tartuffe als Jesus Christ Superstar“, *Deutschlandfunk Kultur*, 20. desember 2013, https://www.deutschlandfunkkultur.de/schaubuehne-berlin-tartuffe-als-jesus-christ-superstar.1013.de.html?dram:article_id=272758 [sótt 20. september 2018].

46 Caroline Montpetit, „« Tartuffe », Choinière et « happening » intergénérationnel“, *Le Devoir*, 3. febrúar 2018, <https://www.ledevoir.com/culture/theatre/430711/tartuffe-choiniere-et-happening-intergenerationnel> [sótt 3. október 2018]; og Fabien Deglise, „Tartuffe sous haute influence“, *Le Devoir*, 16. maí 2015, <https://www.ledevoir.com/culture/theatre/440127/festival-transameriques-tartuffe-sous-haute-influence> [sótt 3. október 2018].

47 Sjá t.d. Didier Méreuze, „Dans « Tartuffe », Michel Bouquet au sommet“, *La Croix*, 2. október 2017, <https://www.la-croix.com/Culture/Theatre/Tartuffe-Michel-Bouquet-sommet-2017-10-02-1200881182> [sótt 19. september 2018].

48 Laurence Liban, „Tartuffe à l'Odéon: l'alchimie ne prend pas“, *L'Express*, 17. apríl 2014, https://www.lexpress.fr/culture/scene/tartuffe-a-l-odeon-l-alchimie-ne-prend-pas_1509526.html [sótt 19. september 2018].

49 Audrey Bigel, „Tartuffe, Molière, Luc Bondy, Odéon“, *État critique*, <https://www.etat-critique.com/tartuffe-moliere-luc-bondy-odeon/> [sótt 19. september 2018].

Hampton sem frumsýnd var í Theatre Royal Haymarket í Lundúnum í júlí 2018. Í þeirri sýningu var persóna stjúpmóðurinnar Elmíru og örlög hennar í brennidepli með tilvísun í #églika-byltinguna. Leikritið var látið gerast í Los Angeles þar sem Tartuffe var ofstækisfullur predikari og Orgon franskur viðskiptajöfur. Tvítýngið gegndi því hlutverki að sýna hvernig vægi tungumála og menningar fylgir valdahlutföllum. Þannig tekur enska Tartuffes smátt og smátt yfir franskt móðurmál annarra í fjölskyldunni. Þetta áhugaverða og áleitna sjónarhorn kom áhorfendum og gagnrýnendum þó flestum spánskt fyrir sjónir.⁵⁰ Einn gagnrýnandinn harmaði að leikstjórinn hefði ekki gengið lengra í tilvísunum sínum um tengsl trúar og valds í Ameríku Donalds Trump og dró þá ályktun að hræsni væri afbyggt hugtak í heimi eftirsannleika.⁵¹

Hinum megin við Signu-fljót, í hinu virðulega leikhúsi Comédie française á hægri bakkanum í París, gekk önnur *Tartuffe*-sýning þrjú ár í röð á sömu árum og sú í Odéon, 2014–2016. Í uppfærslu sinni lagði búlgarski leikstjórinn Galin Stoev áherslu á innri tómléika fólksins í fjölskyldu Orgons í glæsilegri en nokkuð alvarlegri túlkun, samkvæmt leiklistargagnrýnanda *Le Monde*.⁵² Í viðtali við sviðslistatímaritið *La Terrasse* lýsti leikstjórinn Tartuffe sem manni sem hafi verið í frumspekilegu tómi og fundið fróun í ofsatrú; grunninn að djúpum tengslum Orgons og Tartuffes væri að finna í þeirri hugmynd að tilfinningar og ætlanir geti snúist í andhverfu sína.⁵³

Í ljósi þessara fjölmörgu sýninga á Tartuffe var kannski ekki að furða að Fabienne Darge byrjaði grein sína í *Le Monde* um uppfærslu Benoíts Lambert í leikhúsinu í Aubervilliers í útjaðri Parísar á orðunum „Enn einn *Tartuffe*?“ Hún var þó hrifin af sýningunni, því Lambert hafði kímni verksins í fyrirrúmi, ólíkt uppsetningunum í

50 Sjá t.d. Michael Billington, „Tartuffe Review – bilingual production squanders Molière’s wit and wisdom“, *The Guardian*, 30. maí 2018, <https://www.theguardian.com/stage/2018/may/30/tartuffe-review-theatre-royal-haymarket-audrey-fleurot-paul-anderson> [sótt 19. september 2018].

51 Paul Taylor, „Tartuffe, Theatre Haymarket, London, review: A dual-language, modern updating does not fulfil its promise“, *The Independent*, 30. maí 2018, <https://www.independent.co.uk/arts-entertainment/theatre-dance/reviews/tartuffe-review-theatre-royal-haymarket-french-modern-updating-trump-christopher-hampton-a8375551.html> [sótt 20. september 2018].

52 Fabienne Darge, „Le « mystère » Tartuffe incarné par Michel Vuillermoz“, *Le Monde*, 26. september 2014, https://www.lemonde.fr/culture/article/2014/09/26/le-mystere-tartuffe-incarne-par-michel-vuillermoz_4494348_3246.html [sótt 3. október 2018].

53 Gwénola David, „Galin Stoev, L’Attraction du vide“, *La Terrasse*, 1. september 2014, <https://www.journal-laterrasse.fr/galin-stoev-lattraction-du-vide/> [sótt 3. október 2018].

Odéon-leikhúsinu og í Comédie française sem lögðu megináherslu á samfélagslega gagnrýni. Þá hafði hann haft til hliðsjónar ráð franska leikstjórans Louis Jouvet sem birtust í riti frá árinu 1940:

Daginn sem *Tartuffe* verður aftur settur á fjalirnar, þarf að finna sjarmerandi ungan mann, ógnvekjandi og mjög vel gefinn. Áhorfendur verða að finna þegar í upphafi að um sé að ræða hættulegan einstakling en þeir mega ekki leggja á hann hatur. Hann er hins vegar hlaðinn hatri í öllum uppsetningum á *Tartuffe*. Nei. Hann er sjarmerandi, ógnvekjandi.⁵⁴

Í túlkun Lamberts er *Tartuffe* af lægri stigum en fjölskylda Orgons og því er aðaldrifkraftur hans metnaður til þess að komast ofar í samfélagsstiganum.

Í september 2018 frumsýndi Royal Shakespeare Company nýja útgáfu Anils Gupta og Richards Pinto í Swan Theatre í Stratford-upon-Avon. Heimili Orgons er nú í úthverfi Birmingham og fjölskyldan bresk-pakistönsk sem hefur tekið upp vestræna siði. En með hrifningu Orgons á *Tartuffe* ákveður hann að héðan í frá skuli fjölskyldan lifa eins og „sannir múslímar“. Ólíkt því sem var í uppsetningu Mnouchkine er *Tartuffe* Royal Shakespeare Company ekki ofstækisfullur í trú sinni heldur svindlari. Í viðtali við *Financial Times* sögðu leikstjórnir að gamanleikurinn væri varnaðarorð gegn alls kyns svikahröppum sem væru á hverju strái, allt frá pólitískum lýðskrumurum til falsfréttamiðla: „Ég sé *Tartuffa* út um allt. Það er sannarlega enginn hörgull á loddurum um þessar mundir.“⁵⁵

Í *Tartuffe* beindi Molière spjótum sínum að blekkingarmætti hræsni og eldfimu samspili ofstækis og einmanaleika. Eins og fram kemur að ofan, varpa leikstjórar samtímans hver fram sínum svörum sem þeir finna í öfgatrú, tómhyggju og einsemd, í samfélagslegri upplausn og leit fólks að andlegum verðmætum á tímum eftirsannleika.

54 Fabienne Darge, „Tartuffe, un « gueux » dans une famille bourgeoise“, *Le Monde*, 12. mars 2015, https://www.lemonde.fr/scenes/article/2015/03/12/la-revanche-sociale-de-tartuffe_4592510_1654999.html [sótt 3. október 2018].

55 Andrew Dickson, „Molière’s *Tartuffe* in a new incarnation at the RSC“, *Financial Times*, 3. ágúst 2018, <https://www.ft.com/content/fc17b360-93eb-11e8-95f8-8640db9060a7> [sótt 5. nóvember 2018].



Forsíða leikskrár frá sýningu Leikfélags Reykjavíkur á 3. og 4. þætti *Tartuffe* sem sýndir voru í Iðnó í júní 1929. Sýningar urðu alls þrjár. Borgarskjalasafn.

Því leikritið rúmar og er á hverjum tíma vettvangur fyrir hina eilífu leit leikhúsfólks að nýjum túlkunum og sjónarhornum og það er einmitt sá eiginleiki þess sem gerir það sígilt.

6. *Tartuffe* á Íslandi

Gamanleikurinn um *Tartuffe* var fyrst frumsýndur hjá Leikfélagi Reykjavíkur í Iðnó sumarið 1929 í rímaðri þýðingu Indriða Einarssonar og Alexanders Jóhannessonar.⁵⁶ Leikstjórn var í höndum danska leikarans Pouls Reumert sem einnig fór með hlutverk *Tartuffes*. Ólíklegt er að hann hafi leikið á íslensku og áhugavert væri að vita hvort eitthvað hafi verið spilað á tvítyngi sýningarinnar í svipuðum anda og gert var í tvímála sýningunni í Theatre Royal Haymarket sem áður var vikið að. Svo mikið er víst að svo stuttu eftir að Íslendingar fengu fullveldi frá Dönum hefði mátt leggja ýmsa merkingu í tungutak fyrri herraþjóðar. Hins vegar er ekki fjallað um tungumál danska stórleikarans í blaðgreinum um sýninguna en kvartað þeim mun meira yfir framsögn íslensku leikaranna sem hafi ekki hlotið þjálfun í „að segja fram ljóð á leiksviði“. Einnig var Guðmundur Kamban ósáttur við hrynjandi þýðingarinnar og túlkun leikstjórans sem lagði megináherslu á ást *Tartuffes* á Elmíru.⁵⁷ Aðeins voru sýndir 3. og 4. þáttur og því hafa orðaskipti loddarans og húsfreyjunnar verið meginuppistaðan í sýningunum sem urðu þrjár talsins. Brynjólfur Jóhannesson var í hlutverki Orgons og Soffía Guðlaugsdóttir fór með hlutverk Elmíru.⁵⁸

Tartuffe eða svikarinn var leiklesíð í útvarpinu árið 1946 í prósaþýðingu Boga Ólafssonar sem upphaflega stóð til að setja upp hjá Leikfélagi stúdenta. Ekki varð af þeirri sýningu þar sem búningar sem leikfélagið átti von á að fá senda frá Bandaríkjunum bárust ekki í tæka tíð. Stúdentarnir brugðu þá á það ráð að leiklesa verkið í útvarpinu. Formaður leikfélagsins greindi frá þessum aðdraganda í kynningu sem birtist í *Útvarpstíðindum* og tók fram að í túlkun

56 Þórhallur Þorgilsson, *Drög að skrá um ritverk á íslensku að fornu og nýju af latneskum eða rómönskum uppruna. I. Frakkland*, Reykjavík, Landsbókasafn Íslands, 1954, bls. 70. Handrit þýðingarinnar virðist vera glatað en leikskrá sýningarinnar er varðveitt á Borgarskjalasafni.

57 Guðmundur Kamban, „*Tartuffe*“, *Morgunblaðið*, 25. júní 1929, bls. 2 [sótt á timarit.is 31. október 2018].

58 Samkvæmt grunni Leikminjasafns Íslands, <http://leikminjasafn.is/grunnur/#/leiksyning/1429>

stúdentanna væri „Tartuffe ekki lengur skinhelgur hræsnari heldur hreinn glæpamaður“. Með leikstjórn fór Lárus Sigurbjörnsson rithöfundur og með helstu hlutverk fóru Þórarinn Þór, stud. theol., í hlutverki Orgons, Einar Pálsson, stud. mag., í hlutverki Tartuffes, og Helga Möller, stud. mag., í hlutverki Elmíru.⁵⁹ Bogi hefur að öllum líkindum ekki þýtt úr frummálinu og verkið hefur verið allstýtt í flutningi.⁶⁰

Tartuffe eða undirhyggjumaðurinn var sett upp í Nemendaleikhúsi Leiklistarskóla Íslands árið 1986 í leikstjórn rúmenska leikstjórans Radus Penciulescu. Karl Guðmundsson leikari þýddi verkið úr frummálinu „á met tíma“⁶¹ og skilaði þýðingu í bundnu máli sem á köflum eru rímaðar ljóðlínur í 12–13 atkvæðum eins og frönsku alexandrínurnar.⁶² Skúli Gautason fór með hlutverk Tartuffes, Valdimar Örn Flygenring með hlutverk Orgons og Inga Hildur Haraldsdóttir með hlutverk Elmíru. Leiklistargagnrýnendur voru langflestir ánægðir með ungu leikarana, hrifnir af þýðingunni og fögnuðu verkefnavalinu.⁶³ Gagnrýnandi Þjóðviljans skrifaði til að mynda að þýðingin væri „frábærlega rétt að mestu leyti“ og að „þegar allt gekk upp, texti, framsögn, hástemmdur leikstíll, þá varð áhorfandinn fyrir skemmtun af albesta tagi“.⁶⁴

59 Stefán Hilmarrson, „Leikfélag stúdenta í útvarpinu“, *Útvarpstíðindi*, 9. árgangur 1946, 6. tölublað, bls. 136–137 [sótt á timarit.is 30. október 2018].

60 Bogi Ólafsson (1879–1957) var lengst af enskukennari við Menntaskólann í Reykjavík. Í *Kemnaratali* kemur fram að hann hafi lagt stund á nám í ensku, þýsku og sögu við Kaupmannahafnarháskóla og þýtt ensk bókmenntaverk á íslensku auk ótilgreindra leikrita fyrir Leikfélag Reykjavíkur. Sjá: Ólafur Þ. Kristjánsson, *Kemnaratal á Íslandi*, I. bindi, Reykjavík, Oddi, 1958, bls. 88. Í leikhandritinu, sem er óútgefið og varðveitt á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, kemur glögglega fram að þýðing Boga hefur verið allmikið stýtt fyrir leiklesturinn í útvarpinu.

61 „Klassísk hræsi. Sex leiklistarnemar útskrifast úr Leiklistarskóla Íslands með því að sýna Tartuffe eftir Molière í Lindarbæ.“ *Tíminn*, 4. maí 1986, bls. 6 [sótt á timarit.is 17. september 2018]. Karl Guðmundsson tekur sjálfur fram að leikritið hafi verið þýtt frá 6. janúar til 9. apríl 1986, sjá Molière, *Þrjú leikrit*, bls. 67.

62 Nánari umfjöllun um þýðingar Karls Guðmundssonar á leikritum Molières í bundnu máli má finna í grein Ásdísar R. Magnúsdóttur og Guðrúnar Kristinsdóttur, „Um braglínur, lausamál og ljóðrænu í þýðingum úr frönsku yfir á íslensku. Franskar ljóðsögur og leikrit í bundnu máli“, *Skírmir*, 2018/2, bls. 393–431.

63 Sjá til dæmis Gunnar Stefánsson, „Klassíkin lifir í Lindarbæ“, *Tíminn*, 8. maí 1986, bls. 15 [sótt á timarit.is 5. nóvember 2018].

64 Sverrir Hólmarrson, „Flug og stíll“, *Þjóðviljinn*, 7. maí 1986, bls. 5 [sótt á timarit.is 5. nóvember 2018].

Þá var leikritið sett upp hjá Leikfélagi Reykjavíkur í Borgarleikhúsinu árið 1993 í leikstjórn Þórs Tulinius og í íslenski prósaþýðingu Péturs Gunnarssonar á enskri leikgerð verksins. Þar fór Þröstur Leó Gunnarsson með titilhlutverkið en Pétur Einarsson var í hlutverki Orgons og Edda Heiðrún Backman í hlutverki Elmíru. Í viðtali sagðist leikstjórinn hafa fléttað inn í leikritið „ástandi heimsins og ofneyslu og ofnýtingu mannsins á náttúrunni“ og að fyrir Tartuffe hafi vakað að „breyta lífsháttum fjölskyldunnar í glaumi allsnægta“. Í þessari pólitísku nálgun sagðist hann taka „svólítið frjálsga á efninu og tengj[a] það okkar nútímasamfélagi“.⁶⁵ Samkvæmt þessu virðist leikstjórinn hafa lagt meiri áherslu á fjölskyldu Orgons en persónu Tartuffes. Leikhúsfræðingurinn Martin Regal harmaði það í umfjöllun sinni um sýninguna sem honum þótti eiga lítt skylt við verk Molières:

Textinn, sennilega ágætlega þýddur af Pétri Gunnarssyni í óbundnu máli, er lítið meira en beinagrind fyrir alls konar brögð og fíflagang ... Ekki er mikil áhersla lögð á Tartuffe sjálfan og túlkunin er að mínu mati verri fyrir vikið. Þó að flestar týpunar í verkinu séu ekki lengur til í þjóðfélagi okkar er Tartuffe enn á lífi í formi allskonar gúrúa sem þykjast vera trúaðir en eru í raun að leita að einhverju jarðbundnara (efnislegri fullnægju). Það er aðeins í frægu senunni (í fjórða þættinum), þar sem Tartuffe ætlar að njóta konu húsbóndans, að Þröstur Leó fær að sýna hversu skemmtilega ógeðsleg þessi persóna getur verið.⁶⁶

Sýningin hefur verið fjörug og búningarnir skrautlegir en leiklistargagnrýnandinn Auður Eydal minnst sérstaklega á áferðarmuninn á leiktextum í bundnu og óbundnu máli:

Þýðing Péturs Gunnarssonar á þessari ensku leikgerð F. Anstey er áheyrileg, en það breytir auðvitað yfirbragði verksins mikið að textinn skuli ekki fluttur í bundnu máli, eins og gert var í sýningu Nemendaleikhússins fyrir nokkrum árum þegar Karl Guðmundsson þýddi verkið.⁶⁷

65 „Leikfélag Reykjavíkur frumsýnir Tartuffe: Frjálsga farið með efnið – segir Þór Tulinius leikstjóri“, *Dagblaðið Vísir – DV*, 12. mars 1993, bls. 17 [sótt á timarit.is 13. nóvember 2018].

66 Martin Regal, „Lakkrís-Moli-ère“, *Pressan*, 18. mars 1993, bls. 25 [sótt á timarit.is 5. nóvember 2018].

67 Auður Eydal, „Loddari afhjúpaður – lausbeislað grín“, *Dagblaðið Vísir – DV*, 15. mars 1993, bls.

Í öðrum umfjöllunum um sýninguna víkja gagnrýnendur lítið sem ekkert að samfélagslegum og trúarlegum viddum leikritsins né heldur hvernig þær voru túlkaðar í uppsetningunni.

Síðast var leikritið sett upp á Íslandi aldamótaárið 2000 í samstarfi Stúdentaleikhússins og Torfhildar, félags bókmenntafræðinema, undir handleiðslu kennara háskólanemanna í leikhúsfræðum, Terrys Gunnel. Ólafur Egill Egilsson leikstýrði verkinu sem sýnt var í sal Kaffileikhússins við Vesturgötu undir titlinum *Platarinn*. Með helstu hlutverk fóru háskólanemarnir Bjartmar Þórðarson sem lék Tartuffe og Hlynur P. Pálsson sem lék Orgon. Leikhópurinn studdist við þýðingu Péturs Gunnarssonar en stytta allverulega upphaf og endi verksins. Líkt og í uppsetningu Þórs Tulinius, hafa stúdentarnir ætlað verkinu samfélagslega skírskotun. „Trúhræsnin sem fram kemur í sýningunni á [...] vel við í dag,“ sagði Hlynur P. Pálsson í viðtali við *Morgunblaðið* en Hlynur var einnig formaður Torfhildar. „Sölumennskan og afskræming trúarinnar, misnotkun hennar í þágu eiginhagsmuna er oddhvass ádeilubroddur í sýningunni. Tartuffe laumar sér inn á heimili hinnar trúgjörnu fjölskyldu og vélar frá henni allt. Slík græðgi í skjóli trúarinnar hefur verið gegnumgangandi allar aldir.“⁶⁸

Nú hefur Þjóðleikhúsið sett leikritið á dagskrá nýs leikárs. *Loddarinn*, með Hilmi Snæ Guðnasyni og Guðjóni Davíð Karlssyni í hlutverkum þeirra Tartuffes og Orgons og Nínu Dögg Filippusdóttur í hlutverki Elmíru, verður frumsýndur þann 27. apríl 2019 í leikstjórn svissneska leikstjórans Stefans Metz og í nýrri þýðingu Hallgríms Helgasonar. Þessi fimmta leikgerð gamanleiksins á íslenska tungu verður í bundnu máli og hefur verkið þá verið þýtt til skiptis á bundið og óbundið mál frá upphafi. Stefan Metz hefur nokkrum sinnum áður sett upp leikrit í Þjóðleikhúsinu, meðal annars tvö verk eftir Arthur Miller, *Eldraunina* árið 2014 og *Horft af brúnni* árið 2016. Báðar þær sýningar vöktu athygli fyrir sterka samfélagslega skírskotun.⁶⁹ Það verður þess vegna fróðlegt að sjá

16 [sótt á timarit.is 5. nóvember 2018].

68 „Stúdentaleikhúsið sýnir Platarann í Kaffileikhúsinu. Svik og prettir Tartuffe“, *Morgunblaðið*, 24. febrúar 2000, bls. 63 [sótt á timarit.is 14. nóvember 2018].

69 Trausti Ólafsson, „Leikhúsmál – fyrsti hluti“, *Starafugl*, 26. júní 2014, <https://starafugl.is/2014/leikhusmal-fyrsti-hluti/> og „Skuggar ásta, blóðs og hefndar. Miller í Þjóðleikhúsinu“, *Starafugl*, 1.

Þá mynd sem Stefan Metz mun gefa samtali loddarans við íslenskt samfélag og hvernig átökunum milli kraftanna sem leikritið býr yfir verða gerð skil.

Því ber að fagna að þetta meistaraverk eins mesta gamanleikja-skálds allra tíma sé sett upp á Íslandi að nýju. Því sígild leikhúsvverk eiga erindi á öllum tímum – og aldrei að vita nema loddarinn Tartuffe sé kannski þegar búinn að tjalda við hliðina á þér.

ÚTDRÁTTUR

Tartuffe í sögu og samtíð

Eitt vinsælasta verk franskra leikbókmennta, gamanleikurinn *Tartuffe* eftir Molière, hefur verið sýnt í mörgum uppfærslum undanfarin ár í Evrópu. Sagan um skinhelga loddarann, sem hefur aleiguna af auðtrúa heimilisföður, er enda jafn áleitin þjóðfélagsádeila í dag og hún var á dögum Molières. Í þessari grein er fjallað um viðtökur leikritsins sem frumsýnt var við hirð sólkonungsins, Loðvíks 14., og bannað í kjölfarið þar sem valdamiklum hópum innan kaþólsku kirkjunnar þótti að sér vegið. Gerð er grein fyrir baráttu Molières til að fá banninu aflétt og nýlegum rannsóknum á umskrifunum hans á leikritinu í því skyni. Þá virðast hugleiðingar um hræsni, lygar og almenn óheilindi eiga talsvert erindi við samtímamann, ef marka má nálgun leikstjóra í hinum fjölmörgu uppfærslum síðustu ára í nokkrum af helstu nágrannalöndum okkar. Að lokum er farið yfir sýningarsögu leikritsins hér á landi frá því að tveir þættir þess voru fyrst settir upp í Íðnó árið 1929 til nýrrar uppfærslu Þjóðleikhússins á vordögum 2019.

Lykilorð: franskar bókmenntir, leikhúsfræði, *Tartuffe*, Molière, viðtökur

ABSTRACT

Tartuffe past and present

One of the most popular French comedies of all times, Molière's *Tartuffe* from 1669, is still remarkably present and being performed in theatres today, 350 years after its premiere at the court of Louis XIV. The story of the hypocrite who fools rich Orgon into leaving him all his belongings is indeed compelling and has reflected social preoccupations ever since Molière's day. This article retraces the historical background of the comedy and its reception in 17th century France, marked by longstanding tensions between religious groups within the Catholic Church, resulting in the play being banned. The article recounts Molière's battle to have the ban lifted as well as recent research on the playwright's revisions of his comedy to that end. In our day, the play's denunciation of hypocrisy, plain lies and bad faith in general, seems to have direct repercussions, as discussed by theatre directors and actors of the various interpretations of Molière's masterpiece in European theatres in recent years. Finally, the article retraces the productions of *Tartuffe* in Iceland, from the first performance of the third and the fourth Acts of the play in 1929 to the National Theatre's presentation in the spring of 2019.

Keywords: French literature, theatre, *Tartuffe*, Molière, reception